

Kiwanis International

Umdæmið Ísland-Færeyjar



Efling, kraftur, áræði
Ábyrgðin er okkar

Fréttabréf
umdæmisstjóra #3

Óskar Guðjónsson
Umdæmisstjóri
2009-2010

Kæru Kiwanisfélagar



Nú styttesti óðum í að Kiwanisstarf hefjist að nýju eftir sumarhlé. Haustannir byrja með umdæmisþingi í Kópavogi dagana 9.-13. september. Eldeyjarfélagar leggja nú lokahönd á undirbúning glæsilegs þings. Drög að dagskrá liggja fyrir og er að

finna á www.kiwnais.is og verða send klúbbum fljótlega, auk þess sem þau birtast í sérstöku þingblaði sem berst öllum umdæmisfélögum líkt og í fyrra. Á þinginu verður bryddað uppá nýjungum sem vonandi gera þingið eftirminnilegra og viðameira. Klúbbar eru minntir á að senda inn kjörbréf og ganga frá þinggjöldum hið fyrsta. Eins og fram hefur komið er Hótel Hafnarfjörður þinghótelid í ár og er búið að taka frá eitthvað gistirými þar. En fyrstur kemur fyrstur fær og betra að ganga frá gistingunni strax.

Þingið hefst í Eldeyjarhúsi, 9. sept. kl 18:00 með **“Fókus á fjölgun”** fjölgunarráðstefnu umdæmisins. Þangað eru allir áhugasamir Kiwanisfélagar boðnir velkomnir enda snertir málið okkur öll. Ráðstefnan heldur áfram á föstudeginum og enn á ný skal ítreka að hún er eins og þingið, opin öllum Kiwanisfélögum. Formleg þingsetning er í Kópavogskirkju á föstudagskvöld og umdæmisráðgjafar mun stíga þar á stökk og segja okkur til syndanna og von er á að Eldeyjarfélagar láti gamminn geysa. Eitthvað sem enginn má missa af!!! Kiwanisfólk verður síðan “hátt uppi á galakvöldi í Turninum” á laugardagskvöld. Þar verður óhjákvæmilegum formsatriðum stillt í hóf, en þess meira lagt uppúr samveru, samræðu, glensni, og gamni. Það er von mín að Kiwanisfélagar, fjölmenni til þings, taki virkan þátt í þingstörfum og ítreka enn, að allt þinghald og viðburðir er opið almennum Kiwanisfélögum.

Mætið í Kópavoginn–Upplifið stemninguna–Endurnýið vinatengslin og stofnið til nýrra.

Efling -Kraftur-Áræði-Helgin er okkar!!!

Frá umdæmisstjórn:

Kjörumdæmisstjóri - Í kjölfar alvarlegra veikinda kjörumdæmisstjóra skipað umdæmisstjórn Sæmund H. Sæmundsson formann fræðslunefndar í hans stað í janúar sl. Geir hefur nú tilkynnt umdæminu að hann sé reiðubúinn að taka á ný við hlutverki sínu með ábyrgð þeirri og skyldum sem embættinu fylgja. Við fögnum því sannarlega um leið og við þökkum Sæmundi fyrir hans ómetanlega inngrip.

Framboðsmál - Framboðsfrestur til embættis kjörumdæmisstjóra starfsárið 2011-2012 er liðinn. Ein tilnefning kom fram, en Kiwanisklúbburinn Sólborg í Hafnarfirði bauð fram krafta Hjördísar Harðardóttur, umdæmisritara til tveggja ára. Hjördís hefur samþykkt tilnefningu sína. Sömuleiðis er Kiwanisklúbburinn Sólborg í Hafnarfirði eini klúbburinn sem sent hefur lögformlegt erindi um að halda umdæmisþing starfsárið 2012-2013. Umdæmisstjórnarfundur í september mun taka afstöðu til erindanna.

Nýliðagjöld – Minnt er á sparnað fyrir félagssjóði klúbba sem næst með því að skrá hugsanlega nýja féлага í gagnagrunn umdæmisins fyrir lok september og borga aðeins \$4 í nýliðagjald í stað \$40 sé það gert í október. Skráning kemur ekki í veg fyrir að inntaka getur farið fram t.d. við stjórnarskipi. Þetta er ný samþykkt frá KI sem ætti að koma sér vel.

Svæðaskipting - Á sérstökum umdæmisstjórnarfundum 25 maí sl var meðfylgjandi tillaga umdæmisstjóra að nýju svæðafyrirkomulagi Umdæmisins Ísland Færeyjar samþykkt samhljóða. Málið var kynnt embættismönnum hreyfingarinnar og á heimasíðu umdæmisins og er þar með formlega afgreitt og verður kynnt sem slíkt á umdæmisþingi í haust.

Tillaga að nýrri svæðaskiptingu

Að undangenginni 6 mánaða umræðu um nýja svæðaskipting umdæmisins og í samræmi 1. og 2. gr., 3. kafla umdæmis laga frá 18.09.2007 leggur undirritaður til að svæðaskipting Kiwanisumdæmisins Ísland Færeyjar verði hagnað á eftirfarandi hátt:

| <u>Pór /Edda</u> | <u>Óðins/Grettir</u> | <u>Saga</u> | <u>Ægir</u> | <u>Trondur</u> |
|--|--|--|---|--|
| Básar Elliði Esja Geysir Hekla Höfði Jökla Jörfi Katla Pyrill | Askja Embla Drangey Grímur Herðubreið Kaldbakur Skjálfandi Skjöldur Súlur | Búrfell Helgafell Mosfell Ós Ölver | Eldborg Eldey Hof Hraunborg Keilir Setberg Sólborg (Varða) | Tórshavn Rosan Eysturoy |

-Lagt er til að ný svæðaskipan taki gildi starfsárið 2011-2012.

-Lagt er til að klúbbar í nýju svæði komi sér saman um nafngift þess

-Lagt er til, þar sem það á við, að kosnir kjörsvæðisstjórar starfsárið 2010-2011 og/eða heimaklúbbar þeirra komi sér saman um svæðistjóraskipan í nýju svæði starfsárið 2011-2012

-Lagt er til að sérstök handleiðslunefnd verði skipuð til þess að greiða fyrir myndun svæðis í Færeyjum og fræða þarlenda félaga um réttindi og skyldur nýs svæðis. Nefndina skipi fulltrúi umdæmisstjórnar, fulltrúi Færeyinga, og fulltrúi Þórsvæðis.

-Ákvörðun umdæmisstjórnar verður kynnt umdæmisklúbbum svo fljótt sem auðið er. Óskar Guðjónsson umdæmisstjóri.

Annasamt sumar

Viðburðaríku sumri er senn að ljúka. Segja má að við Konný byggjum í ferðatöskum frá maí til júliloka. Á meðan Konný fór til Sikileyjar með Evrópuþingshópnum, fór ég krókaleiðina þangað með viðkomu í Eistlandi á undirbúningsfund vegna ungliðasumarbúða þar í landi í júlí. Evrópuþingið var frekar tíðindasnautt, umhverfið ægigagurt en skipulag allt frekar lausgirt. Að þingi loknu var framhaldið ævintýralegru eyjaferð "a la Böddi&Diddi"-frábær ferð með lífsglöðu Kiwanisfólki. Hér kunnu menn sannarlega til verka og úr varð ánægjuleg og ógleymanleg ferð ☺☺☺



Varla komin heim, er kúrs var tekinn á heimsping í Las Vegas. Öllu viðburðaríkara og skipulagðra þing en á Sikiley, þó umhverfið væri frekar gervilegt og heillaði ekki frekar en spilaborðin. Toppurinn var kynning á nýju heimsverkefni (MNT-stífkrampi) sem við munum heyra meira um á næstu misserum. Að vanda var mikið um fundasetur og fræðslu. Nokkrar breytingar voru gerðar á heimslögum sem munu hafa áhrif hér. Genf var formlega kynnt sem næsta heimspingsborg og kosningar forystusveitar voru spennandi. Gaman að hitta fjölda Íslandsvina sem allir báðu fyrir góðar kveðjur á klakann.

Við heimkomu var fundað í framkvæmdastjórn, með þingnefnd, K-dagnefnd og með Eistlandsförum, en unnið hefur verið með hópnum síðan í byrjun mars. Vikulöng sumarþúðaferð hófst síðan

11. júlí og lauk 18 júlí. Þetta var frábær ferð með kappsómum hóp 11 yndislegra unginga, dætra og sona virkra Kiwanisfélaga. Vikan leið alltof fljótt við leik og störf. Þrátt fyrir 35 stiga hitabylgju, skæð flugnabit og brjóslosseinkenni með tilheyrandi, efast ég ekki andartak um að í minningunni verði ferðin ein skemmtilegasta sumarfrís- og Kiwanisminning okkar hjónanna. Krakkarnir stóðu sig frábærlega og voru landi og þjóð í hvívetna til sóma. Lítil Kiwanisfugl kvakar núna hávært í eyra okkar um að þessi ferð muni verða byrjun á einhverju nýju og skemmtilegu sem mun bera ávöxt á næstu misserum. Við sjáum hvað setur!!!



Framundan eru svo frekari fundarhöld vegna þinghalds og undirbúningsfundur í Gent vegna nefndarstarfa á vegum KIEF næsta starfsár. Það má því með sanni segja að sumarið hafi verið annasamt eins og reyndar allt starfsárið og ótrúlegt að hugsa til þess að því fari að ljúka. Tíminn hefur flogið áfram og manni finnst að maður eigi eftir að gera svo heilmikið. Hvað er hægt að gera á næstu 60 dögum....?

Við sjáumst hress á þingi

Óskar og Konný

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar

Dagskrárrög 40. umdæmisþings

Kópavogi, 9. - 12. september 2010

Fimmtudagur 9. september:

19:00-22:00 Fókus á fjölgun-Fjölgunarráðstefna umdæmisins (Eldeyjarhúsi)

Föstudagur 10. september:

08:00 – 09:00 Umdæmisstjórnarfundur (Eldeyjarhúsi)
08:00 – 16:00 Afhending þinggagna og sala miða á lokahóf (Salurinn)
09:00 – 11:30 Fræðslufundur embættismanna 2010-2011 (Salurinn)
11:30 – 12:30 Hádegishlé – Matur í Safnaðarheimili Kópavogskirkju
12:30 – 16:00 Fókus á fjölgun – Umdæmisráðstefna um fjölgun (frh)
13:30 – 14:30 Aðalfundur Tryggingarsjóðs í Safnaðarheimili
20:00 – 21:00 Þingsetning í Kópavogskirkju
21:30 – 00:30 Opið hús fyrir þingfulltrúa, maka, gesti og almenna Kiwanisfélaga

Laugardagur 11. september:

08:30 – 15:00 Afhending þinggagna og sala miða á lokahóf
09:00 – 12:00 Þingfundi framhaldið

- Skýrslur umdæmisstjórnar og umræður um þær
- Fjárhagsáætlun 2010- 2011
- Reikningar 2008-2009

11:30 – 12:30 Hádegishlé - Matur í Safnaðarheimili Kópavogskirkju
13:00 – 16:00 Þingfundi framhaldið

- Staðfesting stjórnar 2010 – 2011
- Kosning kjörumdæmisstjóra 2011 – 2012
- Kosning skoðunarmanna reikninga
- Lagabreytingar
- Ávörp erlendra gesta
- MNT - Nýtt heimsverkefni - kynning
- Kynning á umdæmisþingi 2011
- Staðarval umdæmisþings 2013
- Styrktarsjóður
- Landsverkefni - Hjálmaverkefnið / K-dagur
- Önnur mál

16:00 Þingfundi frestað
19:00 – 02:00 Lokahóf í Turninum. Fordrykkur, hátíðarkvöldverður, ávörp og viðurkenningar, skemmtiatriði, þingslit, dansleikur.

Sunnudagur 12. September

11:00- ??? Umdæmisstjórnarskipti (Eldeyjarhúsi)
Umdæmisstjórnarfundur stjórnar 2010-2011
Fundur með K-dagsnefnd
Fundur/Fræðsla með færeyskum þingfulltrúum

